



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

SAMVINNA · VINÁTTA · ÞRAUTSEIGJA

2.skólaráðsfundur 17.11. 2022 kl 15:00 – 16:00

Fundarstjóri og ritari: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri

Mættir: Borghildur Sverrisdóttir, Hólmfríður Þórisdóttir, Jónína Dögg Loftsdóttir og Ingibjörg Magnúsdóttir

1. **Innra mat skólans**- skólinn er að fara að taka upp nýtt kerfi fyrir innra mat sem heitir BravoLessons. Þetta kerfi einfaldar allt utanumhald, öll grunnvinna verður á einum stað og það sem fer inn í kerfið er hægt að flytja bein inn í umbótaáætlun. Til að byrja með verður Ytra matið frá því í fyrra sett inn þar sem þessi vetur fer í að klára að vinna úr því. Einnig fara niðurstöður úr könnunum frá Skólapúlsinum settar inn hvort sem það eru nemenda-, foreldra- eða starfsmannakannanir. Allir skólar í Hafnarfirði eru að innleiða þetta kerfi inn í skólana.
2. **Starfsáætlun** – farið var yfir starfsáætlun skólans sem er á heimasíðunni, farið var fyrir hvað er búið að uppfæra síðan í fyrra og hvað er eins. Starfsáætlunin var samþykkt fyrir skólaárið 2022 -2023.
3. **Skólanámskrá** – farið var yfir skólanámskrár skólans og þær samþykktar fyrir skólaárið 2022 – 2023. Við yfirferð á skólanámskrá kom fram fyrirspurn frá fulltrúa foreldra hvort það hafi komið til umræðu að auka tíma í lífsleiki í skólanum út frá þeim atburðum sem hafa verið að gerast í þjóðfélaginu og því sem fram kemur í þáttunum Börnin okkar. Ekki hefur verið rætt um það í skólanum að auka tíma í lífsleiki, fram kom frá fulltrúum kennara að almennt er mikið talað um tilfinningar í öllum árgöngum, tækifæri gripin ef eitthvað kemur upp hjá nemendum. Þá fara flestir árgangar í félagsfærni í verk og listgreina hringekju, þar er ein greinin félagsfærni. Þá er vinavika á hverju ári
4. Fulltrúi foreldra kom með ábendingu um að **nesi í frístund** væri mjög einhæft og að margir foreldra væru ósáttir við það. Skólastjóri bað þá foreldrar sem væru ósáttir að láta Skólamat vita til að þeir geti brugðist við.
5. **Gegnið um skólann** og hann tekinn út eins og lög gera ráð fyrir að skólaráð geri. Þær athugasemdir sem skráðar voru eru eftirfarandi:
 - a. Brotinn sófi í unglingsáætlun eftir að nemendur voru að hamast í honum
 - b. Nokkrar loftaplötur niðri á gangi hjá 1.bekk er eru út skorðum, þarf að láta laga þær. Nokkrar loftaplötur eru með götum eftir að routerar voru teknir niður og færðir.
 - c. Salerni hjá yngri nemendum, þau ná ekki í salernispappírinn með góðu móti því hann er oft langt í burtu frá þeim. Þarf að skoða það.
6. Ennþá vantar fulltrúa frá grenndarsamfélaginu, reynum að finna einhvern fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert fundi slitið 16:00

Ingibjörg Magnúsdóttir